

**Nd. 93. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]**  
um rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu.

Flm.: Karvel Pálmason, Hannibal Valdimarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa nefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka framkvæmd landhelgisgæslu frá 15. október s. l. og kanna, hvort ásakanir, sem fram hafa verið bornar um, að gæsla landhelginnar á Vestfjarðamiðum hafi ekki verið með eðlilegum hætti, hafi við rök að styðjast. Skulu nefndarmenn vera fimm, einn tilnefndur af hverjum þingflokki. Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Að loknum störfum skal nefndin gefa neðri deild skýrslu um niðurstöður sínar.